



## Bæjarstjórn Garðabæjar 16. (856)/2019

Boðað er til 16. (856). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 7. nóvember 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

### Dagskrá:

1. 1910037F - Fundargerð bæjarráðs frá 22/10 '19.  
1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar nr. 6, 7 og 8.
2. 1910046F - Fundargerð bæjarráðs frá 29/10 '19.
3. 1911001F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/11 '19.  
1910430 - Drög að samkomulagi við Veitur ohf. um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum.
4. 1910038F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 22/10 '19.
5. 1910019F - Fundargerð leikskólanefndar frá 23/10 '19.
6. 1910056F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 1/11 '19.
7. 1910042F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 24/10 '19.
8. 1910024F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 16/10 '19.
9. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 28/10 '19.
10. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 7/10 '19.
11. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 1/11 '19.
12. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 29/10 '19.
13. 1901316 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 18/10 '19.
14. 1910301 - Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
15. 1606034 - Bréf Vegagerðarinnar um leyfi til framkvæmda við endurbætur Hafnarfjarðarveggar ofl.
16. 1904109 - Fjárhagsáætlun 2020 (2020-2023) - fyrri umræða
17. 1904109 - Tillaga um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2020.
18. 1904109 - Gjaldskrá sorphirðu.
19. 1904109 - Gjaldskrá um hreinsun taðþróa.
20. 1904109 - Gjaldskrá skólamálsverða.



21. 1904109 - Gjaldskrá leikskóla.
22. 1904109 - Gjaldskrá tómstundaheimila.
23. 1904109 - Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar.
24. 1904109 - Gjaldskrá sundlauga.
25. 1904109 - Gjaldskrá bókasafns.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**15. (855). fundur 2019**

Fimmtudaginn 17. október 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Stella Stefánsdóttir, Ingvar Arnarson, Harpa Þorsteinsdóttir og Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnáði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 3. október 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1910011F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/10'19.**

Ingvar Arnarson, ræddi 20. tl., bréf Styrktarsjóðs Garðasóknar um framlag og ársreikning.

Gunnar Einarson, ræddi 20. tl., bréf Styrktarsjóðs Garðasóknar um framlag og ársreikning.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 14. tl., tilkynningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um birtingu frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 8 (áður 10). Sigurður upplýsti að borist hafi greinargerð frá umsækjanda vegna framkominna athugasemda í grenndarkynningu og umsögn deiliskipulagshönnuða. Sigurður lagði til að umsókninni verði vísað að nýju til umfjöllunar skipulagsnefndar. Þá ræddi Sigurður 6. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna umsóknar um fjölgun íbúða.

Almar Guðmundsson, ræddi 10. - 13. tl., bréf Stjörnuvöllar um viðhald og framkvæmdir við Stjörnuvöll o.fl. Þá ræddi Almar 14. tl., tilkynningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um birtingu frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum.

*Afgreiðsla mála.*

Bæjarstjórn samþykkir að tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Reynilundi 11 um byggingarleyfi. Umsókn um byggingarleyfi hefur verið grenndarkynnt og bærust athugasemdir þar sem umsókninni var mótmælt. Ingvar Arnarson situr hjá við afgreiðslu málsins.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna gustlokunar svala hússins að Hraungötu 8 að nýju til nefndarinnar með vísan til nýrra gagna í málinu.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna erindi húsfélagsins að Nýhöfn 1-5 um breytingar á bílastæðum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Hraungötu 15-19 um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna fjölgunar íbúða.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að sorpgeymslur verði staðsettar við lóðarmörk raðhúsalóðanna við Hraungötu 2-6 en um óverulegt frávík er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að heiti götu á Stórásreit verði Eskiás.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa að nýju tillögu að deiliskipulagi Lundahverfis, samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Fundargerðin sem er 25 tl. er samþykkt samhljóða.

## **2. 1910023F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/10'19.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., afgreiðslu menningar- og safnanefndar varðandi minjagarð á Hofsstöðum.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., afgreiðslu menningar- og safnanefndar varðandi minjagarð á Hofsstöðum.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., afgreiðslu menningar- og safnanefndar varðandi minjagarð á Hofsstöðum.

Almar Guðmundsson, ræddi 7. tl., bréf Vegagerðarinnar um yfirfærslu Vífilsstaðavegar Elliðavatsvegar og Arnarnesvegar til Garðabæjar.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., afgreiðslu menningar- og safnanefndar varðandi minjagarð á Hofsstöðum, 4. tl., afgreiðslu menningar- og safnanefndar varðandi styrk til Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla, 6. tl., bréf Bocciu félagsins varðandi þakkir fyrir styrk vegna þátttöku á Landsmóti UMFÍ og 11. tl., gjöf á jólatré frá vinabænum Asker.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., afgreiðslu menningar- og safnanefndar varðandi styrk til Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla. og 7. tl., bréf Vegagerðarinnar um yfirfærslu Vífilsstaðavegar Elliðavatsvegar og Arnarnesvegar til Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 4. tl., afgreiðslu menningar- og safnanefndar varðandi styrk til Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla.

Gunnar Einarsson, ræddi almennt menningarmál og störf menningar- og safnanefndar. Þá ræddi Gunnar 7. tl., bréf Vegagerðarinnar um yfirfærslu Vífilsstaðavegar, Elliðavatsvegar og Arnarnesvegar til Garðabæjar og 1. tl. gjöf á jólatré frá vinabænum Asker.

Fundargerðin sem er 14 tl. er samþykkt samhljóða.

## **3. 1909020F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 25/9'19.**

Fundargerðin lögð fram.

## **4. 1910010F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 2/10'19.**

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., jafnréttisáætlun og 1. tl. kynningu á öldrunar- og heimþjónustu í Garðabæ.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., kynningu á öldrunar- og heimaþjónustu í Garðabæ og 2. tl., jafnréttisáætlun.

Almar Guðmundsson ræddi að nýju 1. tl., kynningu á öldrunar- og heimaþjónustu í Garðabæ og 2. tl., jafnréttisáætlun.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju 2. tl., jafnréttisáætlun.

Björg Fenger, ræddi 2. tl., jafnréttisáætlun og sagði frá vinnu íþróttá- og tómstundaráðs við endurskoðun forvarnarstefnu.

Gunnar Einarsson ræddi 2. tl., jafnréttisáætlun og sagði frá vinnu mannauðs- og kjaradeildar við undirbúning jafnlaunavottunar fyrir Garðabæ.

Fundargerðin lögð fram.

#### **5. 1910005F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 4/10'19.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., minjagarð við Hofstaði, 3. tl., beiðni um styrk til leiksýningar, 4. tl., beiðni um stuðning við fræðslufund, vefsíðugerð o.fl., 5. tl., Tónlistarveislu í skammdeginu, 6. tl. sameiginlegan fund með skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar og 7. tl., verkefni menningar- og safnanefndar 2019-2020.

Björg Fenger, ræddi 7. tl., verkefni menningar- og safnanefndar 2019-2020 og hrósaði öfluggu starfi Bókasafns Garðabæjar.

Fundargerðin lögð fram.

#### **6. 1910008F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 4/10'19.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **7. 1910017F - Fundargerð skólanefndar frá 11/10'19.**

Valborg Ösp Á Warén, ræddi 5. tl., innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Björg Fenger, ræddi 4. tl., öryggismál í grunnskólum Garðabæjar.

Gunnar Einarsson ræddi 4. tl. öryggismál í grunnskólum Garðabæjar.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl., ársskýrslur grunnskóla 2018-2019.

Fundargerðin lögð fram.

#### **8. 1907106 - Fundargerð eigendafundar Sorpu bs. frá 7/10'19.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., heildarlausn í úrgangsmálum.

Fundargerðin lögð fram.

**9. 1904165 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 7/10'19.**

Fundargerðin lögð fram.

**10. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 1/10'19.**

Björg Fengler, ræddi 2. tl., fjárhagsáætlun skíðasvæðanna 2020 og 3. tl., tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2020.

Fundargerðin lögð fram.

**11. 1901316 - Fundargerð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 20/9'19.**

Fundargerðin lögð fram.

**12. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 7/10'19.**

Fundargerðin lögð fram.

**13. 1909437 - Samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum. (síðari umræða)**

Gunnar Einarsson, tók til máls og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja samkomulagið.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Björg Fengler, tók til máls og lýsti ánægju með að samkomulagið geri m.a. ráð fyrir framlengingu á gildistíma tilraunaverkefnis til eflingar almenningsgangna til 12 ára og að í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða verði horft til uppfærðra rekstraráætlana almenningsgangna á höfuðborgarsvæðisins þ.m.t. um rekstur Borgarlínu. Mikilvægt er að þátttaka ríkisins verði tryggð að verkefninu allt tímabilið.

Valborg Ósk Á Warén, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið og þakkaði öllum sem komu að verkefninu fyrir þeirra störf. Valborg lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn fagnar sáttmála sveitarfélaganna um almenningsgangur. Hér er um gríðarlega mikla samgöngubót að ræða sem til lengri tíma litið mun um leið styðja við fleiri valkosti ungs fólks til búsetu hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu. Garðabæjarlistinn fagnar því einnig að sjá stuðning, sérstaklega ungs fólks og kvenna, við borgarlínu sem varpar enn frekar ljósi á mikilvægi þjónustunnar og ekki síður þeirri staðreynd að bættar almenningsgangur bæta þjónustu við konur sérstaklega þar sem þær nýta ferðamátann í meiri mæli en karlar. Hér er því um leið mikið jafnréttismál.“

Almar Guðmundsson, tók til máls og fagnaði samkomulaginu.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið. Guðfinnur vék að mikilvægi uppbyggingar samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu út frá öryggissjónarmiðum.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Jóna Sæmundsdóttir, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Stella Stefánsdóttir, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Sigurður Guðmundsson, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls að nýju.

Ingvar Arnarson, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða samkomulagið.

#### **14. 1902069 - Skýrsla um úttekt á stjórnarsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar, dags. 1 september 2019.**

Gunnar Einarsson, fylgdi úr hlaði skýrslu um úttekt á stjórnarsýslu, rekstri og fjármálum Garðabæjar. Skýrslan er unnin af Haraldi L. Haraldssyni, hagfræðingi. Við vinnslu skýrslunnar var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og til samanburðar voru skoðuð gögn á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi rekstur sambærilegra sveitarfélaga. Þá var rætt við forstöðumenn um rekstur viðkomandi stofnunar ásamt því að yfirfara bókhaldsgögn og rekstrarútgjöld.

Gunnar gerði grein fyrir tilurð þess að skýrslan var unnin og lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn Garðabæjar lýsir ánægju með framkomna skýrslu sem staðfestir traustan rekstur bæjarfélagsins þar sem starfsmenn leggja sig fram af metnaði og með fagmennsku að leiðarljósi við að veita bæjarbúum góða þjónustu. Í skýrslunni felast jafnframt tækifæri til að gera enn betur með það að markmiði að fylgja eftir tillögum og ábendingum til að bæta rekstur, fjárhag og þjónustu bæjarins.

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að vinna aðgerðaráætlun um framgang einstakra tillagna og fylgja eftir ábendingum sem koma fram í skýrslunni. Aðgerðaráætlun skal lögð fram í bæjarráði og fylgt eftir með reglubundnu stöðumati að liðnum sex mánuðum.

Bæjarstjórn samþykkir að eftir kynningu á skýrslunni með forstöðumönnum stofnana bæjarins verði skýrslan birt á vef Garðabæjar og gerð aðgengileg öllum starfsmönnum og almenningi.“

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framkomna tillögu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 17. október 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)  
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)  
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Stella Stefánsdóttir, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)  
Valborg Ösp Á Warén, (sign)  
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Gunnar Einarsson, (sign)



**Bæjarráð Garðabæjar**  
**40. (1901). fundur 2019**

Þriðjudaginn 22. október 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Ingvar Arnarson, varamaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar nr. 6, 7 og 8.**

Lúdvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs við afgreiðslu mála samkvæmt dagskrárliðum 1 og 2. Fjármálastjóri gerði grein fyrir viðaukum nr. 6, nr. 7 og nr. 8. Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 6, nr. 7 of nr. 8 við fjárhagsáætlun 2019 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

**Viðauki 6**

Vegna endurnýjunar á samningi við Stjörnuna hækkar fjárveiting til styrkja um 7,1 mkr.

Styrkur	7.100.000	06-820-9911
Kostnaðarkauka skal mætt með lökkun á varasjóði um sömu upphæð.		
Varasjóður	7.100.000	31-916-7179

**Viðauki 7**

Lýðræðisverkefnið.

Niðurstaða rafrænna íbúakosninga sem fram fóru 23. maí til 3. júní liggur fyrir. Fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir 50 mkr. fjárveitingu til verkefnisins. Kostnaður vegna umsýslu við verkefnið nemur 7 mkr. sem fært er á rekstur. Um er að ræða kostnað við auglýsingar, útgáfa bæklinga og kostnað vegna rafrænna kosninga.

Lýðræðisverkefni	7.000.000	ýmsir lykjar
Viðbótarkostnaði mætt með lökkun á varasjóði um sömu upphæð.		
Varasjóður	-7.000.000	31-916-7179

**Viðauki 8**

Fræðslumál - tilfærsla innan sviða.

Í fjárhagsáætlun 2019 er 7,0 mkr. fjárveiting til skólaskrifstofu vegna nýs tómtundaheimilis við Garðaskóla fyrir unglíngastig. Tillaga er að færa fjárveitinguna á sérstaka deild.

Skólaskrifstofa	-7.000.000	04-010-4368
Tómtundaheimili Garðaskóla	7.000.000	04-288-xxxx

Vegna innri leigu Urriðaholtsskóla sem er öll áætluð árið 2019 á Urriðaholt - grunnskóla er lagt til að leigunni verði skipt milli grunnskóla og leikskóla Urriðaholtsskóla með eftirfarandi hætti.

Urriðaholtsskóli - grunnskóli	62.002.296	04-216-4411
Urriðaholtsskóli - leikskóli	41.334.864	04-121-4411
Samtals	103.337.160	

Viðauki hefur ekki áhrif á fjárhag.

- 2. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023).**  
Fjármálastjóri gerði grein fyrir fyrstu drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Frumvarp að fjárhagsáætlun 2020-2023 verður lagt fram á fundi bæjarráðs 29. október og tekið til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar 7. nóvember.
  
- 3. 1902069 - Skýrsla um úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar.**  
Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundum með starfsmönnum en skýrslan var kynnt á starfsmannafundi sem haldinn var föstudaginn 18. október og á forstöðumannafundi sem haldinn var í gær.  
  
Skýrslan verður birt á vef Garðabæjar í dag og kynnt íbúum á opnum fundi í Sveinatungu fimmtudaginn 24. október.
  
- 4. 1907097 - Asparlundur 10 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Bjarna E. Thoroddsen, kt. 080245-3439, leyfi til endurnýja þak á bílskúr við núverandi hús að Asparlundi 10.
  
- 5. 1906176 - Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands varðandi ágóðahlutagreiðslu 2019, dags. 08.10.19.**  
Lagt fram.
  
- 6. 1804190 - Bréf yfirfasteignamatnefndar varðandi kæru vegna álagningar fasteignaskatts á húsnæði að Iðnbúð 5, dags. 08.10.19.**  
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
  
- 7. 1910248 - Bréf Snorraverkefnisins um styrk, dags. 10.10.19.**  
Bæjarráð telur eigi unnt að verða við erindinu.
  
- 8. 1910252 - Bréf Stígamóta um styrk, dags. 10.10.19.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
  
- 9. 1910253 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um barnaverndarlög (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 123. mál., dags. 18.10.19.**  
Lagt fram.
  
- 10. 1910225 - Bréf Alþingis varðandi tillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023, 148. mál., dags. 15.10.19.**  
Lagt fram.
  
- 11. 1910186 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 116. mál., dags. 11.10.19.**  
Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 22. október 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**41. (1902). fundur 2019**

Þriðjudaginn 29. október 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1904109 - Frumvarp að fjárhagsáætlun 2020 (2020-2023).**

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri mætti á fund bæjarráðs og gerði grein fyrir tillögu að frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020 og árin 2021 - 2023, ásamt forsendum og framkvæmdayfirliti. Niðurstöður rekstrarreiknings fyrir A og B hluta samkvæmt tillögu að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2019 eru: Heildartekjur 17.361.334 þkr. Heildargjöld 15.951.072 þkr. Niðurstaða án fjármagnsliða 1.410.262 þkr. Fjármunatekjur (gjöld) (844.018) þkr. Rekstrarniðurstaða 566.243 þkr.

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögu að frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023) til fyrri umræðu í bæjarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013. Fyrri umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð fimmtudaginn 7. nóvember 2019.

**2. 1904109 - Tillaga um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2020.**

Lögð fram eftirfarandi tillaga um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2020.

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur manna á árinu 2020 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna.

Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2019 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga."

Bæjarráð vísar tillögu um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2020 til afgreiðslu bæjarstjórnar.

**3. 1909198 - Blikanes 23 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Önnu Júlíusdóttur, kt. 120360-3889, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Blikanesi 23.

**4. 1909191 - Hraungata 23 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hafsteini ehf., kt. 411069-0289, leyfi fyrir byggingu fjölbýlishúss með 13 íbúðum að Hraungötu 23.

**5. 1907131 - Víkurgata 6 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Bárði Sigurgeirssyni, kt. 131155-3369, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Víkurgötu 6.

6. **1910263 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn Skógræktarfélags Garðabæjar um lagningu útivistarstíga í Hádegisholti.**  
Lögð fram.
  
7. **1902376 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Mariugötu 1-3.**  
Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. mál. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að tillagan verði send til meðferðar Skipulagsstofnunar enda voru ekki gerðar neinar athugasemdir við tillöguna í athugasemdafresti auglýsingar. Tillagan gerir ráð fyrir að íbúðum fjölgi úr 20 í 24 á hvorri lóð eða um 8 íbúðir alls.  
  
Lóðarhafa skal bent á að við fjölgun íbúða kemur til greiðslu gjalds til uppbyggingar skóla- og íþróttamála samkvæmt samningi um uppbyggingu byggðar í Urriðaholti og nemur gjaldið kr. 848.863 á íbúð m.v. BVT 733,2 stig í október 2019 og gjaldfellur við útgáfu á byggingarleyfi.
  
8. **1910154 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi aðalskipulag Reykjavíkur - færsla Korpulínu.**  
Lögð fram.
  
9. **1910306 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (íbúakosningar um einstök mál), 49. mál., dags. 22.10.19.**  
Lagt fram.
  
10. **1910303 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga), 29. mál., dags. 22.10.19.**  
Lagt fram.
  
11. **1910301 - Bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins varðandi gjaldskrá, dags. 18.10.19.**  
Bæjarráð vísar gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins til afgreiðslu bæjarstjórnar.
  
12. **1910288 - Bréf Kvennaathvarfsins um rekstrarstyrk, dags. 20.10.19.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
  
13. **1910322 - Bréf húsfélagsins við Strikið 2-12 um styrk vegna uppsetningar hleðslubúnaðar fyrir rafbíla, dags. 16.10.19.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði og til umfjöllunar í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.
  
14. **1910305 - Tilkynning frá Minjastofnun varðandi styrkumsókn til Húsafriðunarsjóðs, dags. 22.10.19.**  
Lögð fram.
  
15. **1910302 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi í tilefni vörुकynningar í Costco Kaupþúni 3.**  
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 29. október 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**42. (1903). fundur 2019**

Þriðjudaginn 5. nóvember 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023) - álagning gjalda.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu að álagningu gjalda samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Bæjarráð vísar tillögu að álagningu gjalda til afgreiðslu bæjarstjórnar.

**2. 1910282 - Brúnás 12 - Umsókn um byggingarleyfi**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vilborgu Grétarsdóttur, kt. 100178-5169, leyfi til að byggja einbýlishús á lóðinni að Brúnás 12.

**3. 1903356 - Hraungata 5 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita A7 ehf., kt. 500614-0130, leyfi til breytinga á klæðningu fjölbýlishússins að Hraungötu 5.

**4. 1903354 - Hraungata 9 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita A7 ehf., kt. 500614-0130, leyfi til breytinga á klæðningu fjölbýlishússins að Hraungötu 9.

**5. 1903353 - Hraungata 11 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita A7 ehf., kt. 500614-0130, leyfi til breytinga á klæðningu fjölbýlishússins að Hraungötu 11.

**6. 1805173 - Dýjagata 7 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ólafi Torfa Yngvasyni, kt. 150484-2359, leyfi til að minnka skriðkjallara í einbýlishúsi í byggingu að Dýjagötu 7.

**7. 1908256 - Kinnargata 82 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Meter Byggingafélagi ehf., kt. 511115-1910, leyfi fyrir byggingu fjölbýlishúss með níu íbúðum að Kinnargötu 82.

**8. 1911001 - Umsókn Magnúsar Kristinssonar um hesthúsaloð á Kjóavöllum.**

Bæjarráð samþykkir að úthluta Magnúsi Kristinssyni, kt. 150953-3409 lóð við Andvaravelli. Gatnagerðargjald skal ákvarða miðað við 240 m<sup>2</sup> hús eða kr. 5.268.594. (BVT nóv. 2019.) Byggingarréttargjald skal vera kr. 5.268.594.

9. **1910431 - Úthlutun lóðar við Garðahraun 1 - skilmálar.**  
Bæjarráð samþykkir skilmála vegna úthlutunar og sölu byggingarréttar lóðar fyrir atvinnuhúsnæði að Garðahrauni 1.
10. **1911015 - Úthlutun og sala byggingarréttar lóða við Eskiás.**  
Bæjarráð samþykkir skilmála vegna úthlutunar og sölu byggingarréttar lóða fyrir fjölbýlishús að Eskiási 8 og 10.
11. **1910430 - Drög að samkomulagi við Veitur ohf. um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum.**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samkomulagið.
12. **1606034 - Bréf Vegagerðarinnar um leyfi til framkvæmda við endurbætur Hafnarfjarðarvegar o.fl., dags. 31.10.19.**  
Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að veita Vegagerðinni leyfi til framkvæmda vegna breikkunar og endurbóta á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar við Vífilsstaðaveg og Lyngás ásamt gerð undirganga fyrir gangandi og hjólandi umferð við Hraunsholtslæk. Einnig er um að ræða framkvæmdir við breikkun og endurbætur á Vífilsstaðavegi milli Hafnarfjarðarvegar og Litlatúns og gerð hringtorgs við Litlatún.  
  
Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar sem bæjarstjórn hefur samþykkt og hafa tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 855/2019.
13. **1910438 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi jafnréttisáætlanir sveitarfélaga, dags. 30.10.19.**  
Lagt fram.
14. **1910375 - Bréf Garðakórsins um styrk, dags. 28.10.19.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
15. **1910354 - Bréf Capacent varðandi sameiningar sveitarfélaga, ódags.**  
Lagt fram.
16. **1910423 - Bréf Sveitarfélagsins Ölfuss varðandi skipulagslýsingu fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum, dags. 29.10.19.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
17. **1910416 - Fjárhagsáætlun Strætó 2020.**  
Bæjarráð vísar kynningu Strætó bs. til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
18. **1910434 - Bréf mennta- og menningarmálaráðherra og forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum varðandi dag íslenskrar tungu, dags. í okt. 2019.**  
Lagt fram.



**19. 1910353 - Bréf félagsmálaráðuneytis varðandi tilnefningu fulltrúa í samráðshóp vegna móttöku flóttamanna, dags. 17.10.19.**

Bæjarráð samþykkir að tilnefna Almar Guðmundsson, bæjarfulltrúa og formann fjölskylduráðs og Hildigunni Árnadóttur, yfirfélagsráðgjafa á fjölskyldusviði, fulltrúa Garðabæjar í samráðshóp vegna móttöku flóttamanna.

**20. 1910357 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um grunnskóla (ritfangakostnaður), 230. mál., dags. 25.10.19.**

Lagt fram.

**21. 1911017 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi á Garðatorgi.**

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 5. nóvember 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

## Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar 13. fundur 2019

Þriðjudaginn 22. október 2019 kl. 16:00 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttáfulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttáfulltrúi.

Fulltrúum Golfklúbbsins Odds boðið að fylgja eftir hugmyndum sínum í byrjun fundar. Fulltrúa ÍTG í Ungmennaráði og Tómasi forstöðumanni Klakans boðið til að ræða helstu málefni ungmenna.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 1909249 - Beiðni um endurskoðun á samstarfssamning við Golfklúbbinn Odd

Kári Sölmundarson starfandi formaður Odds og Þorvaldur framkvæmdastjóri kynntu starf félagsins. Fram kom í kynningu þeirra að 32% félaga eru íbúar í Garðabæ. Kynjaskiptingin í klúbbnum er 40% konur og 60% karla og klúbburinn er farin að sjá iðkendaaukningu hjá sér hvað varðar börn og unglínga úr Urriðaholtinu. Aukin áhersla er á heilsurækt og lýðheilsu. Fyrir liggur ósk frá golfklúbbnum er varðar aukinn styrk m.a. til að standa undir leigugreiðslum af vellinum, uppbyggingu á inniaðstöðu og stækkun Urriðavallar. Skv. bókun bæjarráðs er erindinu vísað til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

### 2. 1705295 - Erindi frá ungmennaráði

Fulltrúar Ungmennaráðs þau Hrannar Máni Ólafsson Garðaskóla, Askur Hrafn Hannesson FG, Valgerður Eyja Eypórsdóttir Álftanesskóla, María Kristveig Björnsdóttir Sjálandsskóla og Tómas Þór Jacobsen starfsmaður ráðsins mættu og sögðu frá starfi þess. Mikill áhugi er meðal fulltrúa ráðsins á að opna "ungmennahús" í Garðabæ líkt og er í Hafnarfirði. Samgöngumál úr Urriðaholti og Álftanesi voru einnig rædd ásamt því að rætt var um hvernig hægt væri að virkja áhugasöm ungmenni til að bjóða sig fram í Ungmennaráðið. Ákveðið var að óska eftir við forsvarsmenn ungmennahúsins í Hafnarfirði að taka á móti fulltrúum ÍTG og ungmennaráðs Garðabæjar til að kynna þá aðstöðu og starfsemi sem þar fer fram.

### 3. 1910052 - Beiðni um endurnýjun ljósabúnaðar á Stjörnuvelli

Íþróttáfulltrúi gerði grein fyrir að núverandi ljós væru komin úr ábyrgð og viðhaldskostnaður því væntanlega að aukast. Næst yrði sett upp LED ljós sem myndu draga verulega úr rafmagnskostnaði. Skv. bókun bæjarráðs er erindinu vísað til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

### 4. 1910051 - Beiðni um vökvunarkerfi á Stjörnuvöll

Íþróttáfulltrúi gerði grein fyrir að við uppsetningu á vökvunarkerfi þyrfti að koma vatnsdælunum fyrir með snyrtilegum hætti en þær tækju nokkuð rými og væntanlega þyrfti að byggja hús/skýli fyrir þær með tilheyrandi kostnaði. Einnig væri mikilvægt að skoða mismundandi uppsetningar á slíku kerfi á völlum í kringum okkur og athuga hvað hafi reynst best. Skv. bókun bæjarráðs er erindinu vísað til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

**5. 1910050 - Beiðni um breytingar á Stjórnutorgi.**

ÍTG finnst hugmyndin áhugaverð og jákvætt að félagið sé að horfa til verkefna sem efli bæjarbraginn. Skv. bókun bæjarráðs er erindinu vísað til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

**6. 1910049 - Beiðni um að Íþróttahúsið við Ásgarð verði keppnishöll.**

Lagt til að boðað verði til fundar til að skoða málið með Stjórnunni. Íþróttafulltrúa og formanni ÍTG er falið málið.

**7. 1910207 - Fræðslu og forvarnaráætlun Sjlsk og Klakans 2019-2020**

ÍTG samþykkir að afgreiða forvarnaráætlanir allra skólanna í einu.

**8. 1909189 - Öryggi og velliðan barna og ungmenna.**

ÍTG telur mikilvægt að þegar upp koma mál af þessu tagi sé brugðist við með ákveðnum hætti og leiðir fundnar í samtali og samvinnu allra aðila. Skólasamfélagið, félagsmiðstöðvarnar og frjálsu félögin skipta miklu máli í þessu samvinnu. Sé um að ræða skemmdarverk skal tilkynna það til lögreglu.

**9. 1910255 - Stofnun dansíþróttafélags í Garðabæ**

ÍTG fagnar fjölbreytni í íþróttalífi Garðabæinga og vonar að stofnun Dansíþróttafélags geti sameinað áhugafólk um keppnisíþróttir í samkvæmisdansi í bænum í eitt félag.

**10. 1909368 - GKG umsókn um styrk vegna EM kvennasveitar klúbbaliða**

Umsókn fullnægir ekki skilyrðum um ferðastyrki sem ætlaðir eru til landsliðsferða. Umsókninni er því hafnað.

**11. 1909216 - Júðófélag Garðabæjar beiðni um útbreiðslustyrk**

Ákvörðun frestað. Beiðni er upplýsinga frá JG.

**12. 1909451 - Ingimundur Orri Jóhannsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir 20.000,- kr. ferðastyrk til Ingimundar Orra Jóhannssonar kt. 0204012060 vegna U18 með KKÍ á NM í Finnlandi júní/júlí 2019

**13. 1909160 - Guðmundur Smári Þorvaldsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir 20.000,- kr. ferðastyrk til Guðmundar Smára Þorvaldssonar kt. 2705962749 vegna ferðar með Lyftingasambandi Ísl. vegna NM í kraftlyftingum í Danmörku 12. sept. 2019.

**14. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar**

Unnið verður áfram að forvarnarstefnunni. Skal hin nýja stefna ná til allra bæjarbúa og jafnframt þarf að tryggja það að hún tengist öðrum markmiðum Garðabæjar.

Önnur mál.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Leikskólanefnd Garðabæjar**  
**10. fundur 2019**

Miðvikudaginn 23. október 2019 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í leikskólanum Ökrum.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Sigurborg K Kristjánsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, María Jónsdóttir fulltrúi foreldra og Elín Ósk Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1908117 - umsókn um endurnýjun á leyfi til daggæslu 2019**  
Samþykkt.
- 2. 1908095 - Umsókn um endurnýjun á leyfi til daggæslu**  
Samþykkt.
- 3. 1910018 - Tvöföld skólavist barns í leik eða grunnskóla**  
Lagt fram til kynningar.
- 4. 1910129 - Kynning fjármálastjóra á fjárhagsáætlun**  
Fjármálastjóri kynnti verkferla við gerð fjárhagsáætlunar.
- 5. 1906161 - Ársskýrslur leikskóla 2018 - 2019**  
Ársskýrslur leikskóla lagðar fram.
- 6. 1906094 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og**  
Kynning á innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- 7. 1909244 - Tillaga Garðabæjarlistans um að boðið verði upp á morgunhressingu/hafragraut og ávexti/grænmeti í nestistíma í grunnskólum bæjarins.**  
Lagt fram til umfjöllunar.
- 8. 1909397 - Áheyrnarfulltrúar**  
Ákveðið að vísa þessum fundarlið til frekari umfjöllunar á næsta fundi leikskólanefndar.
- 9. 1910284 - Upplýsingar um úthlutun Þróunarsjóðs 2019**  
Lagðar fram upplýsingar um styrkúthlutanir 2019.
- 10. 1910285 - velferð barna í Garðabæ**  
Uppfært verklag um velferð barna í Garðabæ lagt fram til kynningar.

#### **11. 1910283 - Starfsáætlun leikskólanefndar**

Lagðar fram upplýsingar um tíma- og dagsetningar funda og helstu verkefni skólaársins.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## **Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**

### **16. fundur 2019**

Föstudaginn 1. nóvember 2019 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Sameiginlegur fundur menningar- og safnanefndar og skólanefndar Tónlistarskóla Garðabæjar. Fundarliðir 1-4 í dagskránni eru sameiginlegir.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### **1. 1910426 - Starfsemi Tónlistarskóla Garðabæjar og starfsemi menningar- og safnanefndar**

Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Garðabæjar og Eiríkur Þorbjörnsson, formaður skólanefndar Tónlistarskólans, fóru yfir helstu þætti er varðar sögu og starfsemi Tónlistaskóla Garðabæjar. Í dag eru 470 nemendur við skólann og 47 starfsmenn. Aðalhúsnæði skólans er við Kirkjulund en auk þess er kennsla á vegum skólans í grunnskólum í bænum, alls er skólinn með 8 starfsstöðvar. Kennt er skv. námsskrá og skólinn starfar eftir lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Umræður voru um starfsemi, aðstöðu- og húsnæðismál tónlistarskólans.

Gunnar Valur, formaður menningar- og safnanefndar, fór yfir helstu verkefni menningar- og safnanefndar, starfsemi Bókasafns Garðabæjar og Hönnunarsafns Íslands, húseignir bæjarins sem nefndin nýtir og viðburði á vegum nefndarinnar, s.s. samstarf við frjáls félagasamtök, Jazzhátíð Garðabæjar, Þriðjudagsklassík, Tónlistarveislu í skammdeginu, árlega útnefningu bæjarlistamanns og veitingu viðurkenninga fyrir merkt framlag til menningar og lista í bænum, hvatningarsjóð ungra listamanna og menningaruppskeruhátíð.

Menningar- og safnanefnd hefur á þessu ári einnig fundað með stjórn Hönnunarsafns Íslands.

Umræður voru um öflugna starfsemi Bókasafnsins og Hönnunarsafnsins svo og húsnæðismál safnanna tveggja.

#### **2. 1802204 - Menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ**

Skýrsla starfshóps um fjölnota menningar- og fræðasetur frá vorinu 2018 lá fyrir á fundinum og var rædd. Starfshópnum, sem var skipaður af bæjarráði í febrúar 2018, var falið að kanna grundvöll fyrir byggingu og starfsemi fjölnota menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ. Farið var yfir helstu þætti skýrslunnar sem var lögð fram í bæjarráði í maí 2018.

Umræður voru um mögulega staðsetningu menningarmiðstöðvar og tengingu við hinar ýmsu menningarstofnanir bæjarins.

#### **3. 1711209 - Hofsstaðir - minjagarður - hugmyndahönnun**

Farið var yfir greinargerð frá fyrirtækinu Gagarín um minjagarðinn á Hofsstöðum sem var unnin á

Þessu ári og kynnt í bæjarráði í október 2019.

Umræður voru um minjagarðinn á Hofsstöðum sem er staðsettur við hliðina á húsnæði Tónlistarskólans í Kirkjulundi.

#### **4. 1910042 - Sameiginleg verkefni menningar- og safnanefndar og skólanefndar Tónlistarskóla Garðabæjar**

Umræður voru um möguleg samstarfsverkefni nefndanna, s.s. tónleikaraðir o.fl. Nemendur úr Tónlistarskóla Garðabæjar hafa til dæmis fengið að vera þátttakendur í Jazzhátíð Garðabæjar með upphitun á undan eða með sérstökum nemendatónleikum. Menningar- og safnanefnd hefur staðið fyrir Þriðjudagsklassík þar sem tónleikar hafa farið fram í sal Tónlistarskóla Garðabæjar og nemendur skólans hafa fengið að njóta tónleikanna. Nemendur Tónlistarskólans hafa verið að koma fram víða í bæjarfélaginu.

Umræður voru um nýja samstarfsfleti sem hægt væri að standa að og sem stuðlað gætu að fjölgun viðburða sem nemendur tónlistarskólans gætu tekið þátt í.

Nefndirnar voru sammála um að mikilvægt væri að huga að eflingu menningarstarfsemi til framtíðar með stækkandi bæ.

#### **5. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023)**

Frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023) verður tekið til fyrri umræðu í bæjarstjórn Garðabæjar fimmtudaginn 7. nóvember nk.

Gunnar Valur kynnti, með vísan til skýrslu um úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar, dags. í september 2019 og sem lögð var fram í bæjarstjórn 17. október 2019, að í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar lægi fyrir tillaga um nýja stöðu menningarfulltrúa Garðabæjar sem verður auglýst á næstunni.

Fjárhagsáætlun verður aftur til umræðu á næsta fundi nefndarinnar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



**Skipulagsnefnd Garðabæjar**  
**15. fundur 2019**

Fimmtudaginn 24. október 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilsstaðaland-rammahluti.**

Sigurður Einarsson og Bergþóra Kristinsdóttir úr skipulagsteymi Batterísins, Eflu og Landslags kynntu stöðu á mótun breytingartillögu aðalskipulags sem sett verður fram sem rammahluti aðalskipulags og nær til Vífilsstaðalands.  
Vísad til frekari úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði, skipulagsráðgjöfum og golfvallarhönnuði.

**2. 1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.**

Sigurður Einarsson úr skipulagsteymi Batterísins, Eflu og Landslags kynnti stöðu á mótun tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar sem unnið er að í samstarfi við Spildu ehf.

Baldur Ó. Svavarsson leggur fram eftirfarandi bókun: "Undirritaður fulltrúi minnihlutans á skipulagsnefnd lýsir yfir vonbrigðum með að hugmyndir og viðræður við Spildu vegna hugmynda um uppbyggingu í Vetrarmýri, skildu ekki kynntar og reifaðar í nefndinni - þar sem þær sannarlega hefðu átt heima  
Hugmyndir sem þar koma eru gagnrýniverðar og vandséð hvaða tillgangi það þjónaði að kalla þær tillögur fram  
Svo langt eru þær frá markmiðum rammaskipulagstillögunnar um markvissa þetta byggð með skýrum göturýmum og byggðamynstri."

Vísad til frekari úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði, skipulagsráðgjöfum og Spildu.

**3. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag**

Sigurður Einarsson í skipulagsteymi Batterísins, Eflu og Landslags kynnti stöðu á mótun tillögu að deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholt.

Vísad til frekari úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

**4. 1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.**

Sigurður Einarsson hjá skipulagsteymi Batterísins, Eflu og Landslags kynnti stöðu á mótun tillögu að deiliskipulagi Rjúpnadals.

Vísað til frekari úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

**5. 1906181 - Jafnakur 8 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir skoðun sem ráðist hefur verið í til þess að fá yfirsýn yfir smáhýsi á lóðum í Akrahverfi. Engin ákvæði eru í deiliskipulagi um smáhýsi og gilda því ákvæði byggingarreglugerðar. Skipulagsnefnd telur að þegar að smáhýsi eru áföst byggingum þá þurfi þau að vera innan byggingarreits. Því þurfi að sækja um deiliskipulagsbreytingu ef útfæra á smáhýsið eins og fyrirspurn er að leggja til.

**6. 1910190 - Víkurgata 7 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimilað verði að skipta rahúsinu Víkurgata 7 upp í tvær eignir.

Svar skipulagsnefndar er að ekki er mælt með því að eigninni verði skipt upp en gerir ekki athugasemd við það þó sýnd sé stoðibúð á aðalteikningum umræddrar eignar.

**7. 1902376 - Urriðah Austurhl 1, Maríugata 1 - 3, deiliskipulagsbreyting**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Austurhluta að lokinni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Baldur Ó.Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

**8. 1702322 - Bessastaðir. Dsk breyting vegna aðkomu.**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bessastaða að lokinni auglýsingu. Engar almennar athugasemdir bárust. Ekki hafa allar umsagnir sem óskað hefur verið eftir borist. Málinu frestað til næsta fundar.

**9. 1910263 - Flóðahjalli/Hádegisholt útivistarstígar**

Lögð fram fyrirspurn frá Skógræktarfélagi Garðabæjar þar sem spurt er hvort félagið fengi heimild til þess að leggja útivistarstíga með svipuðum hætti og gert var í Smalaholti fyrir um áratug síðan.

Svar: Skipulagsnefnd er jákvæð gagnvart hugmyndinni og mælir með því að unnin verði tillaga að aðalskipulagsbreytingu líkt og gert var árið 2009 í Smalaholti. Umrætt svæði er utan deiliskipulags en hefur skilgreiningu sem opið svæði í aðalskipulagi.

Skipulagsnefnd leggur til að um leið verði stígakerfi í Setbergslandi og Urriðavatnslandi endurskoðað en t.d. hefur einnig verið kallað eftir breytingum á reiðstígum.

**10. 1910154 - Aðalskipulag Reykjavíkur - færsla Korpulínu**

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingartillöguna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Umhverfisnefnd Garðabæjar**  
**17. fundur 2019**

Miðvikudaginn 16. október 2019 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinnsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson varamaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufraeðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1906092 - Götulýsing í Garðabæ**

Guðjón L. Sigurðsson hjá ráðgjafarstofunni LISKA kynnti stöðu utanhúslýsingar og þau sjónarmið, lausnir og kosti sem hafa verið til umfjöllunar undanfarin ár og með hvaða hætti taka mætti á utanhúslýsingu í skipulagi. Málinu vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

Umhverfisnefnd mælir með því að málið verði kynnt almenningi með einhverjum hætti t.d. á íbúafundi sem stefnt er að í sambandi við mótun umferðaröryggisáætlunar.

**2. 1910012 - Útikennsla**

Umhverfisnefnd Garðabæjar hefur undanfarin 20 ár boðið grunnskólum bæjarins upp á útikennslu um lífríki Vífilsstaðavatns og fuglaskoðun á Álftanesi. Linda Björk Jóhannsdóttir kynnr hvernig útikennslan hefur farið fram undanfarin ár.

**3. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023)**

Umhverfisnefnd samþykkir tillögur í fjárhagsáætlun.

**4. 1810055 - Tillaga um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og stofnana á vegum bæjarins.**

Staða kynningarveggspjalds kynnt.

**5. 1909468 - Starfsskýrsla Skógræktarfélags Garðabæjar 2018-2019**

Skýrslan lögð fram. Ánægja með öflugt starf skógræktarfélagsins.

**6. 1910209 - Tillaga um lengingu varptíma við Vífilsstaðavatn**

Umhverfisnefnd leggur til að varptími verður lengdur til 15. ágúst samanber tillögu í minnisblaði.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
250. fundur – 28. október 2019

Fundarboð

Fundur er boðaður í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 28. október 2019. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundur hefst kl. 16.30.

Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30. september 2019 liggur fyrir.

1 Mannabreytingar í heilbrigðisnefnd

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 16. október s.l. var tilkynnt að Sævar Gíslason færi út sem aðalmaður og í hans stað var kosin sem aðalmaður Elínbjörg Ingólfssdóttir. Þá var Hólmfríður Þórisdóttir kosin varamaður.

2 Fjárhagsáætlun og starfsáætlun 2020

Samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs á gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins. Bæjarráð Garðabæjar vísar fjárhagsáætlun til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

3 Starfsleyfi og umsagnir

3.1 *Garðaholt, Garðabær – samkomusalur*

Lögð fram umsókn Margrétar B. Guðmundsdóttur f.h. Félagsheimilið Garðaholt, kt. 480578-1209, dags. 07.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar að Garðaholti, Garðabæ. Fasteignanr. 207-2695.

Endurnýjun.

Eftirlitskýrsla dags. 09.10.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

3.2 *Kirkjulundur 11, Garðabær – tónlistarskóli*

Lögð fram umsókn Laufeyjar Ólafsdóttur, f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 09.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Tónlistarskóla Garðabæjar að Kirkjulundi 11, Garðabæ. Fasteignanr.: 227-3158.

Endurnýjun.

Eftirlitskýrsla dags. 06.02.2019.


Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

3.3 *Lyngás 20, Garðabær – málmsmíðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Gunnars Magnússonar, f.h. Sólskáli ehf., kt. 670715-0190, dags. 09.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmíðaverkstæðis að Lyngási 20, Garðabæ. Fasteignanr.: 207-1462.

Ný starfsemi.

Eftirlitskýrsla dags. 09.10.2019.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature that appears to be 'S. G.' and other initials like 'b.d.', 'SMU', and 'J.S.'.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 09.10.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

### 3.4 Lyngás 20, Garðabær – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Giedrius Austrevicius, f.h. GA-réttingar ehf., kt. 660319-0930, dags. 09.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs réttinga- og bílasprautunarverkstæðis að Lyngási 20, Garðabæ. Fasteignanr.: 2071462. 00(02-03)

Ný starfsemi.

Eftirlitskýrsla dags. 09.10.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 09.10.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

### 3.5 Skólabraut 5, Garðabær – grunnskóli

Lögð fram umsókn Hafdísar B. Kristmundsdóttur, f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 17.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla að Skólabraut 5, Garðabæ, Hofstaðaskóli. Fasteignanr.: 2218081.

Endurnýjun.

Eftirlitskýrsla dags. 24.10.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

## Hafnarfjörður

### 3.6 Fornubúðir 5, Hafnarfjörður - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Jóns Rúnars Halldórssonar, f.h. Unbroken ehf., kt. 490419-1790, dags. 21.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Fornubúðum 5, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 223-1881.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.10.2019.


Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 3.7 Flatahraun 12, Hafnarfjörður - framhaldsskóli

Lögð fram umsókn Bjargar Jónsdóttur, f.h. Tækniskólans ehf., kt. 531202-3410, dags. 21.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs framhaldsskóla að Flatahrauni 12, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 224-3269.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.



Handwritten signatures and initials in the bottom right corner of the page, including 'SMA', 'http', and 'b.d'.

### 3.8 Helluhraun 22, Hafnarfjörður - veislubjónusta

Lögð fram umsókn Xiaomei Liu, f.h. DH veitingar ehf., kt. 570315-1290, dags. 15.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs veislubjónustu að Helluhrauni 22, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 221-7285.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.10.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.10.2019. Jákvætt svar byggingafulltrúa 23.10.2019.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

### 3.9 Hringhella 3, Hafnarfjörður – málmendurvinnsla

Lögð fram umsókn Úlfars Haraldssonar, f.h. Furu ehf., kt. 621281-1009, dags. 11.09.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmendurvinnslu að Hringhelli 3, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2077761.

Endurnýjun og viðbót við starfsleyfi.

Fyrir liggur bréf til byggingafulltrúa dags. 15.10.2019. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 23.10.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 3.10 Linnestígur 3, Hafnarfjörður - hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Hörpu Þórsdóttur, f.h. 220 Hárstofa ehf., kt. 510315-0650, dags. 07.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Linnestíg 3, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2077505.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 15.10.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

### 3.11 Stapahraun 6, Hafnarfjörður – málmsmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Atla Steins Jónssonar, f.h. Kæling ehf., kt. 410605-0900, dags. 07.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmíðaverkstæðis að Stapahrauni 6, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 207-9295, 222-3750, 222-3751.

Endurnýjun.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.10.2019. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 23.10.2019.

Eftirlitsskýrsla dags. 15.10.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

### 3.12 Suðurgata 41, Hafnarfjörður - samkomustaður


Lögð fram umsókn Gísla Björns Heimissonar, f.h. Leikfélags Hafnarfjarðar, kt. 410383-0129, dags. 02.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomustaðar að Suðurgötu 41, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 207-9735.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla 25.10.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.10.2019. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 23.10.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfs til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.



## Kópavogur

### 3.13 Dalvegur 24, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Wojciech Krasko, f.h. CAR-MED ehf., kt. 700810-0620, dags. 09.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Dalvegi 24, Kópavogi. Fasteignanr.: 2060571.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.06.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

### 3.14 Engihjalli 8, Kópavogur – matvöruframleiðsla

Lögð fram umsókn Þorbjargar Marinósdóttur, f.h. Náttúrulega Gott ehf., kt. 600519-0260, dags. 16.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu og dreifingu matvæla að Engihjalla 8, Kópavogi. Fasteignanr.: 224-7004.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 16.10.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 3.15 Fífuhvammsvegur, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Gunnars Karlssonar, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 21.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs viðbyggingar við húseign að Fífuhvammsvegi, Kópavogi (vinnuskóla Kópavogs).

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er samþykkt leyfi til niðurrifs sem skal lokið fyrir 1. desember 2019.

### 3.16 Hagasmári 1, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram að nýju umsókn Hoang Viet Le, f.h. Trang Hoang slf., kt. 500818-0500, dags. 19.08.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu með húðrof að Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2227650.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.09.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.


### 3.17 Hagasmári 1, Kópavogur – matsölustaður

Lögð fram umsókn Emils Helga Lárussonar, f.h. S.Í. hf., kt. 411002-2840, dags. 14.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölustaðar að Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 222-7650.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.08.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.



Handwritten signatures and initials, including 'SHG' and 'H.H.B.', are present at the bottom of the page.

### 3.18 Hamraborg 6, Kópavogur – samkomustaður

Lögð fram umsókn Aino Freyja Jarvela, f.h. Tónlistarhús Kópavogs - Salurinn., kt. 681298-3129, dags. 04.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomuhúss að Hamraborg 6, Kópavogi. Endurnýjun. Fasteignanr.: 223-4065.

Eftirlitsskýrsla dags. 08.10.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

### 3.19 Hamraborg 11, Kópavogur – veitinga- og samkomustaður

Lögð fram umsókn Gunnars Árnasonar, f.h. Catalina ehf., kt. 460598-3709, dags. 16.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitinga- og samkomustaðar að Hamraborg 11, Kópavogi. Endurnýjun. Fasteignanr.: 2061442, 2061448.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.10.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttaeðglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

### 3.20 Hamraborg 20a, Kópavogur – nuddstofa

Lögð fram umsókn Wei Zhang, kt. 280660-2219, f.h. Kínverska nuddstofan, dags. 07.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu að Hamraborg 20a, Kópavogi. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.05.2019.

Þar sem ekki liggja fyrir nægjanleg gögn og upplýsingar varðandi starfsemina er afgreiðslu frestað.

### 3.21 Hjallabrekka 1, Kópavogur – nuddstofa

Lögð fram umsókn Rannveigar Moss, kt. 150481-4069, dags. 03.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu að Hjallabrekku 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2248565 (hluti húsnæðis).

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.10.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.10.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 16.10.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttaeðglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

### 3.22 Kársnesbraut 100, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Sveins Ragnarssonar, f.h. Bílklæðningar ehf., kt. 480175-0189, dags. 17.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis, bílklæðningar og breytingar, að Kársnesbraut 100, Kópavogi. Fasteignanr.: 206-3104, 206-3105.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.10.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareðglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.



### 3.23 Skemmuvegur 30-32, Kópavogur – bílasprautun og réttingar

Lögð fram umsókn Árna Björnssonar, f.h. Lakkskemman ehf., kt. 600984-0639, dags. 18.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílasprautu- og réttingaverkstæðis að Skemmuvegi 30-32, Kópavogi. Fasteignanr.: 2064902.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.10.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

### 3.24 Smiðjuvegur 7, Kópavogur – glerframleiðsla

Lögð fram umsókn Auðar Kristínar Árnadóttur, f.h. Íspan ehf., kt. 560869-0109, dags. 16.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til glerframleiðslu að Smiðjuvegi 7, Kópavogi. Fasteignanr.: 2065268.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.10.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

### 3.25 Smiðjuvegur 56, Kópavogur – réttingaverkstæði

Lögð fram umsókn Braga Hjartarsonar, f.h. Réttingaverkstæði Hjartar ehf., kt. 540900-2640, dags. 16.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs réttingaverkstæðis og bílaleigu að Smiðjuvegi 56, Kópavogi. Fasteignanr.: 2065377.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.10.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

### 3.26 Vesturvör 32b, Kópavogur – steinsmiðja

Lögð fram umsókn Ægis Ólafssonar, f.h. S. Helgasonar ehf., kt. 540269-0689, dags. 17.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs steinsmiðju, að Vesturvör 32b, Kópavogi. Fasteignanr.: 2285702.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.10.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.10.2019.


Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

## 4 Umsagnir

### Garðabær

#### 4.1 Ásgarður, Garðabær – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.10.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Körfuknattleiksdeildar Stjórnunnar, kt. 511093-2449, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Ásgarði íþróttahúsi, Garðabæ þann 09.11.2019 frá kl. 18.00 – 03.00. Gestafjöldi 180. Jákvæð umsögn staðfest.



#### 4.2 Skólabraut 6, Fjölbrautarskólinn Garðabæ, Garðabær – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.10.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Stjórnunnar, kt. 460180-0159, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Urðarbrunni, Fjölbrautarskólanum Garðabæ, þann 18.10.2019 frá kl. 18.00 – 24.00. Gestafjöldi 200. Jákvæð umsögn staðfest.

#### 4.3 Skólabraut 6, Fjölbrautarskólinn Garðabæ, Garðabær – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.10.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn UMF Stjarnan, kt. 460180-0159, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Urðarbrunni, Fjölbrautarskólanum Garðabæ, þann 19.10.2019 frá kl. 19.00 – 02.00. Gestafjöldi 200. Jákvæð umsögn staðfest.

### Kópavogur

#### 4.4 Engihjalli 8, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.09.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Matarhjallans ehf., kt. 690119-1020, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu við Engihjalla 8, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.10.2019. Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 30.09.2018.

#### 4.5 Hjallabrekka 2, Kópavogur – veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.09.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Reykjavík Gastronomy ehf., kt. 620517-0380, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað við Hjallabrekku 2, Kópavogi. Ekki er hægt að veita jákvæða umsögn um rekstrarleyfi fyrir veitingastað að Hjallabrekku 2, þar sem þar er einungis starfsrækt veislubjónusta.

#### 4.6 Hestheimar 14-16, Kópavogur – samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.09.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Spretts Rekstrarfélags., kt. 580713-0680, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal við Hestheima 14-16, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.10.2019. Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 02.06.2014.

### 5 Umsagnir

#### 5.1. Lögð fram umsögn um breytingu á lögum nr. 7/1998.

Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins við drög að frumvarpi er varðar skráningarskyldan atvinnurekstur og lög um breytingar á starfsleyfis- eða skráningarskyldri starfsemi sem hefur það markmið að einfalda regluverk.

Heilbrigðisnefnd hefur ályktað að stjórnvöld skuli fara sér hægt í að fella niður eftirlitsskyldu og leyfisveitingar með starfsemi sem er að finna í viðaukum með lögnum og gæta varúðarsjónarmiða með þeim hætti að breytingar á skráningarskyldu nái fyrst og fremst til umfangslítillrar atvinnustarfsemi.

5.2 Umsögn um undanþágu frá grunnskólanum NÚ frá kröfum um varanlegar handlaugar. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins um undanþágubeiðni frá grunnskólanum Nú, Reykjavíkurvegi 50 í Hafnarfirði, þar sem óskað er eftir undanþágu frá kröfum um varanlegar handlaugar. Afstaða heilbrigðiseftirlitsins er óbreytt, lagst er gegn því að ráðuneytið veiti skólanum undanþágu til að vera með færanlegar handlaugar.

## 6 Fundargerðir

6.1 Lögð fram fundargerð hollustuháttarhóps.

6.2 Lögð fram fundargerð umhverfisgæðahóps.

6.3 Lögð fram aðalfundargerð SHÍ sem fram fór 22.10.2019.

## 7 Önnur mál

7.1 Thorsplan, Hafnarfjörður – Jólaborpið

Lögð fram umsókn Rósu Guðbjartsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar., kt. 590169-7579, dags. 25.10.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir útimarkað í sölubásum í tengslum við jólaborpið á Thorsplani í Hafnarfirði, frá 29. nóvember – 23. desember. Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um tímabundið leyfi.


7.2 Haustfundur heilbrigðisfulltrúa sem fram fór í Garðabæ 22.-23. október s.l.

Haustfundur heilbrigðiseftirlitssvæða var í umsjón Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og var fundurinn haldinn í Sveinstungu, nýjum fundarsal bæjarstjórnar Garðabæjar. Umhverfisráðherra Guðmundur Ingi Guðbjartsson hélt erindi á fundinum auk fjölda annarra fyrirlesara, en þema fundarins í ár var innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og hvernig störf heilbrigðiseftirlitsins endurspeglast í markmiðunum.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.



Jón Haukur Ingvason



Sigurður Grétarsson




Ingibjörg Hauksdóttir



Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson



Elínbjörg Ingólfssdóttir



## Stjórn SSH 477. fundur

Mánudaginn 7. október 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Páll Magnússon, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins Héðinn Unnsteinsson frá Capacent (liður 1), Erlendur Pálsson frá Strætó bs. (liður 3), Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Aðalsteinn Sigurþórsson frá VSO og Hrafnkell Á. Proppé frá SSH (liður 2).

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Lögð fram til kynningar fundargerð 55. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 2. september 2019.

Lögð fram til kynningar minnisblað starfshóps til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 9. september 2019 um skipting grunnframlaga ríkisins til sóknaráætlana landshluta 2020-2024.

Lögð fram til kynningar greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2018 frá stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál frá september 2019.

Lagður fram til efnislegrar umræðu samningur um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024.

Stjórn samþykkti á fundi sínum 1. júlí sl. að fela framkvæmdastjóra undirbúning að gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið. Unnið hefur verið að málinu og m.a. leitað til Capacent ráðgjafar varðandi uppsetningu á verkferli við gerð sóknaráætlunarinnar 2020-2024 og inntak hennar. Héðinn Unnsteinsson og Snædís Helgadóttir frá Capacent ráðgjöf fóru yfir fyrirbyggjandi hugmyndir að ferli við gerð nýrrar sóknaráætlunar og verkefnistillögu.

Umræður

### Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH fagnar tilkomu sóknaráætlana landshluta sem hafa og geta gegnt lykilhlutverki við að mæta þeim áskorunum og nýta þau sóknarfæri sem til staðar eru í hverjum landshluta um sig. Við upphaf nýs fimm ára samnings telur stjórn SSH þó eðlilegt að allir landshlutar fái sama grunnstuðning til verkefnisins, 60 milljónir króna á ári. Fyrirbyggjandi tillaga gerir ráð fyrir að það gildi um alla aðra landshluta en höfuðborgarsvæðið. Felur stjórn SSH formanni og framkvæmdastjóra að óska eftir þessari breytingu á fyrirbyggjandi samningsdrögum og undirbúa gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið á þeim grunni.

Þá samþykkir stjórn það verkferli sem kynnt er og verkefnisstillögu Capacent ráðgjafar, þó þannig að umfang unibúnings nýrrar sóknaráætlunar taki mið af framlagi til sóknaráætlunarinnar sjálfar. Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til SSH vegna gerð nýrrar sóknaráætlunar er 2,7 millj.kr. Annar kostnaður sem kann að falla til vegna vinnunar verður fjármagnaður af verkefnafé SSH á árinu 2019. Framkvæmdastjóra er falið að vinna verkefnið áfram á grunni framkominni tillögu að verklagi og ganga frá samningi um verkefnatillögu við Capacent ráðgjöf.

### 2. Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

- a) Lögð fram gjaldskrá og fjárhagsáætlun skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins með bréfi samstarfsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 2. október 2019. Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, fór



yfir helstu þætti. Þá fór Aðalsteinn Sigþórsson frá VSÓ ráðgjöf yfir uppfærða kostnaðaráætlun vegna uppbygginga á skíðasvæðunum.

- b) Lögð fram greinagerð ÍSOR um „*Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og í Bláfföllum. Rýni á grunnvatnslíkan og tillögur um grunnvatnsrannsóknar frá 31. maí 2019*“ og minnisblað frá verkfræðistofunni Vatnaskil vegna „*tillagna að nýjum rannsóknarborholum við Bláfföll til staðfestingar vatnaskila á svæðinu*.“ Þá er lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra vegna málsins sem og drög að kostnaðaráætlun Mannvits vegna vöktunaráætlunarinnar.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að unnið verði áfram að tillögu er varðar fjárhagsáætlun skíðasvæðanna á vettvangi samráðsnefndar skíðasvæðanna. M.a komi skýrt fram samanburður milli áætlunar ársins 2019 og 2020. Þá samþykkir stjórn að vísa kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar á skíðasvæðunum til frekari yfirferðar og umræðu í verkefnahóp um uppbyggingu skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn samþykkir að vísa umfjöllun um lið b til samráðshóps SSH um vatnsvernd og vatnsnýtingu þar sem gögn málsins þ.m.t kostnaðaráætlun verkefnisins verði rýnd og tillaga mótuð m.a um utnumhald og umsjón verkefnisins.

Málin verða tekin fyrir aftur á næsta fundi stjórnar.

### 3. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk / málsnr. 1711002

Á fundi stjórnar frá 2. september var samþykkt að kannaður yrði grundvöllur sveitarfélaga utan Hafnarfjarðar og Kópavogs til áframhaldandi samstarfs er varðar akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Var því verkefni vísað til vinnuhóps stjórnar SSH um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Hópurinn hefur nú fundað og farið yfir málið m.a. með tilliti til endurskoðunar þjónustulýsinga. Erlendur Pálsson frá Strætó bs. fór yfir fjárhagslegan grundvöll áframhaldandi samstarfs utan Hafnarfjarðar og Kópavogs.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar.

Stjórn samþykkir að vinna áfram að málinu með það að leiðarljósi að sveitarfélög utan Hafnarfjarðar og Kópavogs bjóði sameiginlega út akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Er verkefnahópnum falin áframhaldandi vinna vegna þjónustulýsingar og Strætó bs. vegna útboðsmála. Verður málið tekið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar.

### 4. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002

Nú liggur fyrir samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningsamgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára, þ.e. til og með ársins 2033 og samkomulag varðandi rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Er samkomulagið nú í efnislegri umræðu hjá sveitarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu.

Farið yfir stöðu mála og næstu skref s.s. er varðar þætti er snúa að skipulagi undirverkefna samkomulagsins.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar.

Stjórn felur samninganefnd SSH og stýrihópi um undirbúning Borgarlínu að fylgja samkomulaginu eftir því sem við á og upplýsa stjórn um gang mála á hverjum tíma.



**5. Notendastýrð persónulega aðstoð (NPA) – samningar /málsnr. 1608006**

Lagt fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga til félagsmálaráðherra um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga vegna NPA-samninga. Þá einnig minnisblað Sambandsins um úrlausn álitamála varðandi innleiðingu NPA.

Umræður.

**Niðurstaða fundar.**

Lagt fram til kynningar.

**6. Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins -128. fundur /málsnr. 1910001**

Lögð fram til kynningar fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 4. september 2019. Í 3. lið fundargerðarinnar er stjórn SSH hvött til þess að leggja fram áætlun og hefja framkvæmdir við nýjar rannsóknar- og mæliholur í samræmi við niðurstöður sem fram koma í skýrslu ÍSOR að teknu tilliti til athugasemda frá Vatnaskilum.

Umræður.

**Niðurstaða fundar.**

Fundargerðin er lögð fram til kynningar og vísað til fundarliðar nr. 2 í fundargerð þessari.

**7. Bókun frá fundi bæjarráðs Kópavogsbæjar /málsnr. 1910002**

Lögð fram til kynningar bókun Theodóru Þorsteinsdóttur á fundi bæjarráðs Kópavogsbæjar frá 19. september sl.

Lagt fram til kynningar.

**8. Minningardagur Sameinuðupjóðanna /málsnr. 1910003**

Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá 27. ágúst 2019 er varðar árlegan minningardag Sameinuðu þjóðanna um þá sem hafa látist í umferðaslysum. Hefur ráðuneytið hafið undirbúning fyrir minningardaginn sem verður 17. nóvember 2019 og óskar eftir framhaldi á samstarfi.

Lagt fram til kynningar.

**9. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðarstofu**

Lagt fram til kynningar boð á fjórða haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjararstofu 26. október n.k

Lagt fram til kynningar.

**10. Jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs fyrir árið 2019 /málsnr. 1910004**

Bréf frá Jafnréttisráði þar sem óskað er eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs fyrir árið 2019.

Lagt fram til kynningar.



**11. Fundargerð 5. fundar Byggðamálaráðs**

Lögð fram fundargerð 5. fundar byggðamálaráðs frá 23. september 2019.

Lagt fram til kynningar.

**12. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. – fundur 413**

Fundargerð stjórnar Sopru nr. 413 frá 27. september lögð fram til kynningar.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

**13. Fundargerð SSNV – 47 fundur**

Fundargerð SSNV frá 3. september 2019 lögð fram til kynningar.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

**14. Fundargerðir Samband íslenskra sveitarfélaga nr. 873 og 874.**

Fundargerðir funda Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 873 og 874 frá 30. ágúst og 27. september lagðar fram til kynningar.

Gunnar Einarsson vakti athygli á bókun sinni varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Umræður.

Lagt fram til kynningar.

**15. Umsagnir þingmála /málsnr. 1910005**

Lagðar fram til kynninga eftirfarandi þingmál sem vakin hefur verið athygli á gagnvart SSH.

- a) Breyting á lögum um virðisaukaskatt.
- b) Ráðstafarnir til hagkvæmra uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.
- c) Fjárlög 2020.
- d) Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
- e) Fjárhagslegur stuðningur jöfnunarsjóðs til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Upplýsingar um þingmál lögð fram til kynninga.

Ekki fleira gert.

Fundi lauk kl. 14:20

Páll Björgvin Guðmundsson  
Fundarritari.

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

415. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 01.11.2019, kl.11:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarki Bjarnason, Líf Magneudóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur.

Tekið fyrir:

**1. Rekstraráætlun 2020 - 2024**

Framkvæmdastjóri kynnir drög að rekstraráætlun SORPU fyrir 2020 – 2024.

Stjórn ræðir sérstaklega kafla um áhættumat og óskar eftir rýni innri endurskoðunar á honum. Málið rætt. Stjórn samþykkir áætlunina.

**2. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar - framvinduskýrsla**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Búið er að steypa 93% af áætluðu steypumagni og telst verkið í heild vera 85% búið. Verktaki áformar að skila verkinu þann 15. febrúar 2020.

**3. Stækkun móttökustöðvar í Gufunesi – framvinduskýrsla**


Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu vegna stækkunar móttökustöðvar í Gufunesi. Búið er að steypa 80% af áætluðu steypumagni og telst verkið í heild vera 58% búið. Verktaki áformar að skila verkinu á tilsettum tíma í febrúar 2020.

**4. Breyting á lánnum SORPU hjá Íslandsbanka**

Breytingargögn vegna langtímaláns og skammtímaláns hjá Íslandsbanka lögð fram þar sem endurgreiðslutími langtímaláns er lengdur úr 6 árum í 15 ár og framlenging á lánalínu um 2 ár. Stjórn samþykkir og undirritar umboð til framkvæmdastjóra til að ganga frá lánappírnum.

**5. Breyting á móttökuskilyrðum á úrgangi til urðunar í Álfsnesi**

Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur kynna minnisblað vegna móttökuskilyrða fyrir úrgang til urðunar í Álfsnesi þar sem fjallað er um móttöku á böggðuðum úrgangi sem vafinn er mörgum lögum af plasti. Í ljósi þess að SORPA skv. lögum nr. 58/2003 og reglugerð um urðun úrgangs nr. 758/2003 ber ábyrgð á þeim úrgangi sem urðaður er í





Álfsnesi og í samræmi við gr. 4 í starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn, samþykkir stjórn eftirfarandi:

„Úrgangur til urðunar í Álfsnesi skal vera baggaður þar sem því er við komið. Baggar til urðunar mega ekki vera huldir umbúðum úr plasti eða öðrum efnum sem koma í vega fyrir að starfsmenn SORPU geti sinnt þeirri skyldu sinni að sjónskoða alla farma sem koma til urðunar í Álfsnesi.“

Framkvæmdastjóra falið að koma þessari áréttingu á framfæri við úrgangshafa.

#### 6. Breyting á gjaldskrá endurvinnsluefna

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað dagsett 31. október 2019 þar sem raktar eru forsendur verðbreytinga á gjaldskrá nokkurra endurvinnsluefna, en breytingarnar eru vegna verðbreytinga erlendis. Eftirtaldar breytingar taka gildi 15. nóvember 2019.

Nr.	Flokkur	Nýtt verð		Var
		kr/kg án vsk	kr/kg með vsk	kr/kg með vsk
14015	Afskurður – bylgjupappi <small>Baggaður bylgjupappaafskurður &gt; 500 kg/bagga í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt sérstöku samkomulagi</small>	4,44	5,50	5,00
14022	Dagblöð og tímarit	4,03	5,00	4,00
14023	Afskurður – sléttur pappi <small>Baggaður sléttur pappi &gt;500 kg/bagga í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt nánara samkomulagi</small>	-2,66	-3,30	-4,30
14010	Filmuplast – ólitað/óáprentað, umbúðir sem bera úrvinnslugjald 0 – 125 kg á mánuði 126 – 250 kg á mánuði 251 – 375 kg á mánuði 376 kg og yfir á mánuði <small>Baggað filmuplast &gt;500 kg /bagga í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB Útflutningshöfn skv. nánara samkomulagi</small>	0,00 -4,03 -4,84 -5,24 -8,06	0,00 -5,00 -6,00 -6,50 -10,00	0,00 -10,00 -11,00 -11,50 -15,00
14020	Filmuplast – litað / áprentað, umbúðir sem bera úrvinnslugjald	4,84	6,00	4,00
14027	Blanda af plastumbúðum og plasti án úrvinnslugjalds (>80% umb.) til endurvinnslu <small>Minna en 500 kg mánuði 501 – 1.000 kg á mánuði 1001 kg og yfir á mánuði Endurgreiðsla á sér stað í lok mánaðar og er forsenda að viðskipti séu skráð á kennitölu. Annars er úrgangsflokkur gjaldfráls</small>	12,00	14,88	-8,93 -11,90 -14,88
14028	Blanda af plastumbúðum og plasti án úrvinnslugjalds (>20% umb.) til endurvinnslu	15,00	18,60	15,50
14013	Plast án úrvinnslugjalds	27,94	34,64	32,88

Gjaldflokkur 14027 breytist þá þannig að í stað endurgreiðslu verður um móttökugjald að ræða óháð magni.

Handwritten signatures and initials, including "TS7", "TS7A", and "AMU".

**7. Bréf Slökkviliðsstjóra vegna notkunar á metani hjá SHS**

Lagt fram bréf Slökkviliðsstjóra vegna notkunar á metan hjá SHS, en SHS, Strætó og öllum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu var sent erindi um málefnið þann 19. ágúst sl. Engin önnur svör við erindinu hafa borist. Málið rætt.

**8. Svör við fyrirspurnum**

Lögð fram fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa flokks fólksins í borgarráði þann 12. september sl. Framkvæmdastjóri kynnir drög að svari.

**9. Umsögn um urðunarskatt**

Kynntar umsagnir Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og SORPU bs. um hugmyndir um urðunarskatt. Málið rætt.

**10. Söfnun á textíl/fatnaði**

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðuna í fata-/textílsöfnun á höfuðborgarsvæðinu. Málið rætt.

**11. Fundur samráðsnefndar sorpsamlaganna á Suðvesturlandi**

Lögð fram fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna frá 28. október sl.

**Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn þann 6. desember 2019 kl. 12:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 13:15

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Bjarki Bjarnason  
Bjarni Tólfur  
Jóna Ámundadóttir  
Bjarni Ástmann  
Pjetur Jón Jónsson  
Guðrún Eva Jóhannesdóttir  
Guðrún Eva Jóhannesdóttir

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2019, þriðjudaginn 29. október var haldinn 378. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 09:05.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Reykjavík, Guðmundur Geirdal varamaður fyrir Höllu Karí Hjaltested Kópavogi, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Björg Fengur Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreason fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram uppfærð fimm ára framkvæmdaáætlun og rekstraráætlun fyrir skíðasvæðin.

Nefndin lagði fram eftirfarandi bókun:


Áætlun um stórfellda uppbyggingu á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum og Skálafelli hefur nú legið fyrir í langan tíma. Veruleg undirbúningsvinna hefur átt sér stað sem miðar fyrst og fremst að tryggja vatnsvernd á Bláfjallasvæðinu. Unnið hefur verið markvisst að tillögum að mótvægisáðgerðum til að tryggja framgang málsins. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa þegar samþykkt áætlunina. Skipulagsstofnun úrskurðaði síðastliðið vor að fyrirhugaðar framkvæmdir þyrftu ekki að fara í umhverfismat og kærðu Veitur og Hafnarfjarðarbær niðurstöðuna. Hafnarfjörður hefur dregið kæruna til baka. Samstarfsnefnd Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins skorar á Veitur ohf. að draga til baka kæruna enda hafi verið brugðist við áhyggjuefnum Veitna eða þau komin í ferli. Frekari tafir setja uppbyggingaráform í uppnám.

Fundi slitið kl. 10:23.

Diljá Ámundadóttir

Björg Fengur  
Rúnar Bragi Guðlaugsson  
Kristín María Thoroddsen

Guðmundur Geirdal  
Magnús Örn Guðmundsson



Reykjavík, 18. október 2019  
Fundargerð 185. fundar

*Tilvísun: 1905064*

Föstudaginn 18. október var haldinn 185. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.10.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Haraldur Sverrisson og Birkir Jón Jónsson í stað Ármanns Kr. Ólafsson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Ingveldur Lára Þórðardóttir skrifstofustjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

## **1. Fjárhagsáætlun SHS, síðari umræða**

Síðari umræða um fjárhagsáætlun SHS 2020 og fimm ára áætlun 2020-2023.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS - Fjárhagsáætlun SHS samstæðu 2020, síðari umræða, dags. 18. október 2019.

*Afgreiðsla:* Fjárfestingarframlagi verði frestað á árinu 2020. Samþykkt að öðru leyti.

## **2. Gjaldskrá SHS 2020**

Ný gjaldskrá SHS fyrir árið 2020 kynnt.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gjaldskrá SHS, dags. 18. október 2019.
- Minnisblað SHS – Gjaldskrá SHS 2020, dags. 18. október 2019.

*Afgreiðsla:* Stjórn samþykkir gjaldskrána fyrir sitt leyti. Hún verður send stjórnnum aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

### 3. Skýrsla um áhættudreifingu í rekstri

Skýrsla um dreifingu áhættu í rekstri SHS kynnt.

Eftirfarandi lagt fram:

- Dreifing áhættu í rekstri, árangursskýrsla, dags. 18. október 2019.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 4. Skýrsla um innra eftirlit

Árangursskýrsla innra eftirlits SHS kynnt.

Eftirfarandi lagt fram:

- Innra eftirlit SHS, árangursskýrsla, dags. 18. október 2019.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 5. Könnun HR monitor

Farið yfir eftirfylgni í kjölfar niðurstöðu starfsánægjukönnunar innan SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS – Eftirfylgni starfsánægjukönnunar, dags. 18. október 2019.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 6. Uppgjör - slökkvibifreiðar

Slökkviliðsstjóri fór yfir uppgjör vegna kaupa á nýjum slökkvibifreiðum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS - Slökkvibifreiðar, dags. 18. október 2019.


*Afgreiðsla:* Kynning.

### 7. Önnur mál

7.1 Formleg afhending nýrra slökkvibifreiða áætluð í hádegi þriðjudaginn 12. nóvember nk. Fjölskyldudagur fyrir kjörna fulltrúa og fulltrúa í neyðarstjórnnum sveitarfélaga verður haldinn 16. nóvember.

Fundi slitið klukkan 10.00

Næsti fundur verður auglýstur síðar.




Fylgiskjöl:

- Minnisblað SHS - Fjárhagsáætlun SHS samstæðu 2020, síðari umræða, dags. 18. október 2019.
- Gjaldskrá SHS, dags. 18. október 2019.
- Minnisblað SHS – Gjaldskrá SHS 2020, dags. 18. október 2019.
- Dreifing áhættu í rekstri, árangursskýrsla, dags. 18. október 2019.
- Innra eftirlit SHS, árangursskýrsla, dags. 18. október 2019.
- Minnisblað SHS – Eftirfylgni starfsánægjukönnunar, dags. 18. október 2019.
- Minnisblað SHS - Slökkvibifreiðar, dags. 18. október 2019.




Dagur B. Eggertsson




Gunnar Einarsson




Ásgerður Halldórsdóttir




Rósa Guðbjartsdóttir



Háraldur Sverrisson



Birkir Jón Jónsson



Bæjarstjórn Garðabæjar  
Garðatorgi 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 18. október 2019

**Varðar: Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.**

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur fyrir sitt leyti á 185. stjórnarfundum þann 18. október 2019 samþykkt meðfylgjandi gjaldskrá fyrir slökkviliðið.

Megintilgangur gjaldskrárinnar er að gera slökkviliðsstjóra mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 þegar þarf að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum.

Hækkun gjaldskrártaxta milli ára nemur 5,1%, sem er vegið meðaltal áætlaðrar launavísitölu og neysluverðsvísitölu fyrir árið 2020.


Um tvenns konar taxta er að ræða. Annars vegar vegna gjaldtöku fyrir lögbundin verkefni, þar sem heimild til gjaldtöku liggur fyrir í lögum. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 14.878 kr./klst.

Hins vegar er sérstakur taxti vegna gjaldtöku fyrir önnur verkefni og þjónustu sem slökkviliðið sinnir ef óskað er eftir því. Þetta eru verkefni sem eru ekki lögbundin, en falla þó að tilgangi liðsins skv. stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 20.085 kr./klst. Mikilvægt þykir að gjaldtakan sé þess eðlis að hún hvetji heldur til þess að leitað sé til aðila á hinum almenna markaði eftir þessari þjónustu, sé þess kostur, þar sem slökkviliðið eigi aldrei að vera eftirsóknarverður valkostur til að sinna ólögbundnum verkefnum sem aðrir geti hugsanlega sinnt. Því er einingaverð vegna gjaldtöku fyrir verkefni sem ekki teljast lögbundin verkefni slökkviliðsins 35% hærra en einingaverð fyrir lögbundin verkefni.

Til að gjaldskráin öðlist gildi þarf samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og óskar undirritaður því hér með eftir samþykki að beiðni stjórnar slökkviliðsins.

Samhljóða bréf er sent stjórnnum hinna aðildarsveitarfélaganna fimm.

Virðingarfyllst,



Jón Viðar Matthíasson  
slökkviliðsstjóri

Meðfylgjandi:

Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 18. október 2019

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000

www.shs.is – shs@shs.is

# GJALDSKRÁ

## Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

### I. kafli

#### Almennt.

##### 1. gr.

Verkefni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) ákvarðast annarsvegar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hinsvegar af ákvæðum í stofnsamningi SHS.

##### 2. gr.

SHS innheimtir ferða- og uppihaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

##### 3. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem SHS eru sett í stofnsamningi.

### II. kafli

#### Lögbundin verkefni.

##### 4. gr.

Sé ákvæðum 2. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað samkvæmt gjaldskrá af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur samkvæmt 3. mgr. 29. gr. sömu laga. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir öryggis- og lokaúttektir samkvæmt 3. mgr. 12. gr. sömu laga.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 14.878 króna.

##### 5. gr.

#### *Öryggisvaktir á mannvirki.*

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimtar eru að lágmarki 59.512 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 14.878 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. laga um brunavarnir.



6. gr.

*Lokun mannvirkis.*

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirki. Innheimt er 14.878 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar um lokunaraðgerðir er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 59.512 kr., auk 14.878 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 31. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.

*Dagsektir.*

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimt er 14.878 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.

*Öryggis- og lokaúttektir.*

Innheimt er fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar, að lágmarki 29.756 kr. Fyrir stærri úttektir skal að auki innheimt 14.878 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.

*Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar.*

Fyrir endurkomu vegna eftirlits og eftirfylgni kröfugerðar skal innheimt fast gjald, 29.756 kr. fyrir hvert skipti. Fyrir aðra vinnu við eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal innheimt 14.878 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund. Þegar eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar á sér stað utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 59.512 kr., auk 14.878 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.

*Eftirfylgni útkalla vegna brunaviðvörðunarkerfa.*

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt er fast gjald fyrir tvær klukkustundir, 29.756 kr., fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

III. kafli  
**Önnur verkefni og þjónusta.**

11. gr.

Slökkviliðið sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni verða þó að falla að tilgangi slökkviliðsins sem er að vinna að velferð íbúa aðildarsveitarfélaga samkvæmt stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Fast tímagjald samkvæmt 4. gr. fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 14.878 króna fyrir lögbundin verkefni. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið er fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns innheimt með 35% álagi. Fast tímagjald fyrir vinnu sem ekki er skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum er því 20.085 krónur nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þar sem um sérstakan viðbúnað er að ræða, sbr. 12.-14. gr., er að lágmarki innheimt fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir, eða 160.680 krónur.

12. gr.

*Viðbúnaður vegna eldsvoða og mengunaróhappa.*

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum kemur fram að löggin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögnum. Þau gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarúnaði. Löggin ná til starfsemi slökkviliða á landi, þ.m.t. slökkvistarfa í jarðgöngum, í skipum sem liggja í höfn og loftförum sem eru á jörðu niðri.

Slökkvistörf og viðbúnaður við mengunaróhöppum á sjó og í lofti falla hins vegar ekki undir löggin, né heldur eldvarnir í skipum með haffærisskírteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum. Slökkviliðsstjóri metur það hverju sinni hvort sinna skuli beiðnum um verkefni sem liggja fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni slíku ólögboðnu verkefni skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 160.680 kr., auk 20.085 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

13. gr.

*Viðbúnaður vegna upphreinsunar.*

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 160.680 kr., auk 20.085 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

14. gr.

*Viðbúnaður vegna verðmætabjörgunar og vatnsleka.*

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í brunavarnalögum, t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 160.680 kr., auk 20.085 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

15. gr.

*Ráðgjafarþjónusta.*

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnarsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinnan er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfssemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimtar eru 20.085 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16. gr.

*Tækjaleiga.*

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu- eða körfubíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhverrar uppákomu sem kallar á slíkan búnað. Verðlagningu á tækjum skal endurskoða við hverja breytingu á gjaldskrá þessari.

Tæki SHS skulu aðeins notuð af starfsmönnum slökkviliðsins. Innheimtar eru að lágmarki 59.512 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 14.878 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

17. gr.

*Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.*

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur er kveðið á um slíka fylgd í lögreglusamþykkt Reykjavíkur og veitir lögreglustjóri ekki heimild til flutnings nema í fylgd slökkviliðs. Innheimtar eru að lágmarki 59.512 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 14.878 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

18. gr.

*Annað.*

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum eða er í samræmi við stofnsamning SHS. Innheimt er fyrir tæki samkvæmt 16. gr. og að lágmarki 59.512 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 14.878 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

IV. kafli  
**Innheimta.**  
19. gr.

SHS annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Gjaldldagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.


Gjöldum sem til eru komin vegna öryggis- og lokaúttekta, sem og aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 5. gr. t.o.m. 10. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum.

V. kafli  
**Gildistaka og lagastoð.**  
20. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum. Gjaldskráin er einnig samþykkt af stjórn SHS. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1388/2018.

F.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.,

18. október 2019,



**Dagur B. Eggertsson,**

formaður.

Garðabær  
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri  
Garðatorgi 7  
210 GARÐABÆ




Selfoss, 31. október 2019  
Tilvísun: 2016090040  
SGB/  
Tilv. ykkar:

**Efni: Hafnarfjarðarvegur (40), Vífilsstaðavegur (að Litlatúni) – Lyngás, endurbætur og undirgöng – Umsókn um framkvæmdaleyfi**

Vegagerðin sækir hér með um framkvæmdaleyfi fyrir sameiginlegri framkvæmd Vegagerðarinnar og Garðabæjar vegna breikkunar og endurbóta á gatnamótum Hafnarfjarðarveggar (40) við Vífilsstaðaveg og Lyngás ásamt gerð undirganga fyrir gangandi og hjólandi umferð við Hraunsholtslæk, breikkun og endurbætur á Vífilsstaðavegi milli Hafnarfjarðarveggar og Litlatúns og gerð hringtorgs við Litlatún. Hraunsholtslækurinn verður einnig í undirgöngunum við hlið göngu- og hjólaleiðarinnar. Akreinum á Hafnarfjarðarvegi er fjölgað og beygjureinum breytt og fjölgað. Einnig verður gengið frá göngustígum á svæðinu. Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Garðabæjar og veitufyrirtækja. Tvöföld vinstri beygja verður af Hafnarfjarðarvegi inn á Vífilsstaðaveg til austurs, tvöföld vinstri beygja verður af Vífilsstaðavegi inn á Hafnarfjarðarveg bæði til norðurs og suðurs, tvöföld vinstri beygja verður af Lyngási inn á Hafnarfjarðarveg og hægri beygja af Lækjarfit í framhjáhlaupi. Undirgöngin verða gerð úr forsteyptum einingum og er miðað við að göngin verði unnin í tveimur áföngum þannig að halda megi umferð um Hafnarfjarðarveg á tveimur akreinum í hvora átt á framkvæmdartíma. Til framkvæmdarinnar telst einnig gerð allra vega- og stíga sem nauðsynlegar eru til að ljúka framkvæmdinni endanlega ásamt gerð hljóðveggja með Hafnarfjarðarvegi og landmótun, og breytingar á lögnum veitustofnana. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð af hliðarvegum í Garðabæ inn á Hafnarfjarðarveg. Stefnt er að því að bjóða út framkvæmdir í nóvember nk. og að þeim verði lokið haustið 2020. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem Garðabær hefur nýlega látið vinna. Unnið er að samkomulagi við umráðamenn þeirra lóða sem skerðast

Virðingarfyllst,

  
Svanur G. Bjarnason  
Svæðisstjóri Suðursvæðis



Til bæjarstjórnar

**Efni: Tillaga um álagningarhlutfall útsvars árið 2020**

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur manna á árinu 2020 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna.

Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2019 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

## Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir. Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorp, ásamt kostnaðarhlutdeildar við rekstur endurvinnslustöðva.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. ~~28.000~~28.700 á hverja íbúð á árinu ~~2019~~2020.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannalegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. ~~1206/2017~~1222/2018.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar  
~~6. desember 2018~~ 5. nóvember 2019*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*

**Gjaldskrá**  
**um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu**  
**við Kjóavelli í Garðabæ**

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. ~~303.100~~ 310.700,- á hvert hús á árinu ~~2019~~2020.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt fyrir hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar nr. 958/2008 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. ~~1207/2017~~1224/2018.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar*  
*~~6. desember 2018~~ 7. nóvember 2019*

*Guðjón Erling Friðriksson,*  
*bæjarritari*



## GJALDSKRÁ vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar

### 1. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á að málsverði á skólatíma í samræmi við opinber mannelismarkmið.

### 2. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði í hádegi gegn greiðslu matargjalds í áskrift að fjárhæð kr. 474 485.

### 3. gr.

Í Garðaskóla er rekið mötuneyti nemenda þar sem seldar eru einstakar máltíðir, smáréttir, mjólkurvörur, drykkir, brauð og kökur. Verð skal vera samkvæmt auglýstum verðlista á heimasíðu skólans.

### 4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á tómstundarheimilum grunnskólanna kr. ~~150~~ 155 fyrir síðdegishressingu.

### 5. gr.

Garðabær hefur samið við Skólamat ehf. um skólamálsverði í grunnskólum Garðabæjar og rekstur mötuneytis nemenda Garðaskóla. Fyrirtækið annast innheimtu matargjalds samkvæmt 2. og 3. gr.

### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar ~~18. ágúst 2016~~ 7. nóvember 2019 og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, ~~18. ágúst 2016~~ 7. nóvember 2019*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*

# GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA

Gildir frá 1. janúar ~~2019~~2020

1. Gjald fyrir leikskólavist er kr. ~~4.993~~ 2.043 á mánuði fyrir hverja hálfu klukkustund á rekstrardegi skóla.

2. Lágmarksdvöl miðast við fjórar klukkustundir á dag.

Gjald fyrir hádegisverð er kr. ~~7.730~~ 7.925 á mánuði.

3. Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af leikskólagjaldi en greiða fullt verð fyrir fæði.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er lánshæft er hjá LÍN telst gilt nám.

4. Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn á leikskóla, í tómsundaheimili eða hjá dagforeldrum, fá 50% afslátt af gjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% afslátt af gjaldi fyrir hvert barn umfram tvö, en greiða fullt verð fyrir fæði. Systkinaafsláttur gildir alltaf fyrir eldra/elsta barn óháð fjárhæðum. Sækja þarf um systkinaafslátt á sérstöku eyðublaði sem finna má á vefsíðu Garðabæjar.

5. Foreldrar geta sótt um tímabundinn afslátt af gjaldskrá vegna náms annars foreldris eða beggja og vegna atvinnuleysis á þar til gerðu eyðublaði og skal umsókninni fylgja vottorð um atvinnuleysi. Ákvæði þetta skal gilda tímabundið frá 1. janúar [2019] til ársloka.

6. Gjald umfram 8 tíma skal vera kr. ~~3.986~~ 4.085 fyrir hverja hálfu klukkustund og skal það vera óháð systkinaafslætti.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar*

*~~6. desember 2018~~ 7. nóvember 2019*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari*

Garðabær innheimtir 650 kr. foreldragjald mánaðarlega með leikskólagjöldum fyrir foreldrafélög leikskólanna. Gjaldið er innheimt að beiðni foreldrafélags og fært á viðskiptareikning foreldrafélagsins hjá bænum. Ráðstöfun er í höndum stjórnar foreldrafélaga í samráði við leikskólastjóra. Foreldragjald er frjálst framlag sem foreldrum er ekki skylt að greiða.

# GJALDSKRÁ FYRIR TÓMSTUNDAHEIMILI

Garðabær starfrækir tómsundaheimili við Flataskóla, Hofstaðaskóla, Sjálandskóla og Álftanesskóla og Urriðaholtsskóla.

Í tómsundaheimilum skólanna gefst nemendum skólanna kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi

Gjald fyrir dægradvöl í tómsundaheimili skal miðast við eftirfarandi sjö flokka.

1- 10 klst./mán.	kr. <del>3.570</del> <u>3.660</u>
11-20 klst./mán.	kr. <del>7.140</del> <u>7.320</u>
21-30 klst./mán.	kr. <del>10.710</del> <u>10.980</u>
31-40 klst./mán.	kr. <del>14.280</del> <u>14.640</u>
41-50 klst./mán.	kr. <del>17.850</del> <u>18.300</u>
51-60 klst./mán.	kr. <del>21.420</del> <u>21.960</u>
61-70 klst./mán.	kr. <del>24.990</del> <u>25.620</u>
71-80 klst./mán.	kr. <del>28.560</del> <u>29.280</u>

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, í tómsundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir barn umfram tvö.

Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af gjaldi.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfolk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er láns hæft er hjá LÍN telst gilt nám

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar ~~2019~~2020.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar  
~~6. desember 2018~~ 7. nóvember 2019*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*

Úr gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.

#### 4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á tómsundarheimilum grunnskólanna kr. ~~150~~155 fyrir síðdegishressingu.

## GJALDSKRÁ FYRIR STARFSEMI FRÍSTUNDAR

Frístund fyrir börn með sérþarfir í 5. til 10. bekk við grunnskóla í Garðabæ er starfrækt í Garðaskóla.

Í frístund gefst nemendum kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi

Gjaldskrá:

1- 10 klst./mán.	kr. <del>3.570</del> <u>3.660</u>
11-20 klst./mán.	kr. <del>7.140</del> <u>7.320</u>
21-30 klst./mán.	kr. <del>10.710</del> <u>10.980</u>
31-40 klst./mán.	kr. <del>14.280</del> <u>14.640</u>
41-50 klst./mán.	kr. <del>17.850</del> <u>18.300</u>
51-60 klst./mán.	kr. <del>21.420</del> <u>21.960</u>
61-70 klst./mán.	kr. <del>24.990</del> <u>25.620</u>
71-80 klst./mán.	kr. <del>28.560</del> <u>29.280</u>

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, í tómstundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram tvö.

Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af gjaldi.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 30 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er lánshæft er hjá LÍN telst gilt nám

Gjaldskrá þessi skal gilda frá ~~1. ágúst 2019~~ 1. janúar 2020.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar  
~~5. september 2019~~ 7. nóvember 2019*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*

## Gjaldskrá að sundlauga Garðabæjar frá 1. janúar 2019-2020

Börn 17 ára og yngri, 67 ára og eldri og öryrkjar fá gjaldfrían aðgang að sundlaugum Garðabæjar

### Sundlaugarnar Ásgarði og Álftanesi

#### Börn á aldrinum 11-17 ára

Stakt gjald sund (og þrek*)	- kr.
10 miða kort**	- kr.
30 miða kort**	- kr.
Árskort í þreksal (Ásgarði) og sund 16-17 ára	- kr.
* Börn yngri en 16 ára fá ekki aðgang að þreksal nema í fylgd íþróttakennara	

#### Fullorðnir á aldrinum 18-66 ára

	verð	
Stakt gjald í sund	700 kr.	720
10 miða kort**	4.400 kr.	4.500
30 miðar **	9.000 kr.	9230
Árskort í sund (og þreksal Ásgarði)	36.000 kr.	36.900
Stakt skipti í gufubað Ásgarði	-	
10 miðar í gufu**	-	

#### Ýmis þjónusta

Sundföt eða handklæði	550 kr.	560
Hvert kaffiglas - með ábót	100 kr.	105
** Garðakort - rafræn CTS kort	800 kr.	820
** Stofngjald afsláttarkorta er 800 kr. En þau má nýta áfram til endurhleðslu		

#### Varðandi aðra þætti gjaldskyldu

- Börn 0-17 ára eru ekki gjaldskyld, miðað er við daginn sem þau verða 18 ára.
- Gjaldskylda fellur niður við 67 ára aldur og miðast við afmælisdag, framvísa verður persónuskilríkjum og **kaupa rafrænt aðgangskort**.
- Öryrkjar eru ekki gjaldskyldir gegn framvísun skírteinis sem gefið er út af Sjálfsbjörgu, félagi fatlaðra í Reykjavík, sem skal endurnýjað árlega.
- Skírteini Tryggingastofnunar ríkisins "grænt skírteini" vegna varanlegrar örorku eða "gult skírteini" vegna tímabundinnar örorku og skírteini Blindrafélags "blátt skírteini".
- Allir sem fá "frían" aðgang þurfa að nota rafræn **Garðakort**

#### Varðandi eldri kort

- Öll klippikort gilda áfram þar til þau eru upp urin!
- Afsláttarmiðar eru aðeins seldir inná rafræn CTS kort

#### Útleiga á íþróttasölum

Greiða skal fyrirfram fyrir afnot nema um fasta samninga sé að ræða

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar .....

Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.

## Gjaldskrá Bókasafns Garðabæjar

Gildir frá 1. janúar ~~2019~~ 2020

Árgjald skírteina er ~~1.980~~ 2.030 kr

Börn og unglingar undir 18 ára aldri, öryrkjar og ellilífeyrisþegar *greiða ekki árgjald*  
Ef skírteinið glatast þurfa allir að greiða fyrir nýtt. Fullorðnir kr. 600 og börn kr. 300

**Sektir:** (á einnig við um gjaldfritt efni)

Bækur, tímarit, hljóðbækur, tónlistardiskar og tungumálanámskeið **30** kr. á dag  
DVD diskar **200** krá dag

**Ljósritun og prentun:**

A4 blað 40 kr.

A3 blað 50 kr.

**Annað:**

Frátektargjald hvert eintak **200** kr.

Plastpokar **45** kr.

Taupokar 410 kr.

Skönnun 55 kr.

***Ef útlámsgagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.***

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar

~~6. desember 2018~~ 7. nóvember 2019

Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.